

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, leikskólalóð við Kópavogsbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Í tillögunni er gert ráð fyrir leikskólalóð suðaustan gatnamóta Kópavogsbrautar og Urðarbrautar með aðkomu frá Kópavogsbraut. Í breytingunni felst að opið svæði og stofn-
anasvæði verður opið svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 286

25. apríl 2000

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Fjarðabyggðar um útvistartíma barna og unglunga í Fjarðabyggð.

1. gr.

Börn á aldrinum 6-10 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Börn, 11 og 12 ára, mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 21.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Unglingar á aldrinum 13 til 16 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 22.00 nema þeir séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

4. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna og unglunga samkvæmt 1., 2. og 3. gr. um tvær klukkustundir.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er unglingum á aldrinum 14 til 16 ára heimilt að vera á almannaferi til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum.

6. gr.

Aldursmörk í þessum reglum miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.